

# Raddir til aðgerða: Raddir nemenda og fjölskyldna þeirra teknar til greina við ákvarðanatöku í menntamálum

Endanleg yfirlitsskýrsla



**EUROPEAN AGENCY**  
for Special Needs and Inclusive Education





# RADDIR TIL AÐGERÐA

Raddir nemenda og fjölskyldna þeirra teknar til greina  
við ákvarðanatöku í menntamálum

Endanleg yfirlitsskýrsla





Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir (Miðstöðin) er sjálfstæð sjálfstjórnar stofnun. Miðstöðin er styrkt af ráðuneytum menntamála í aðildarlöndum sínum og af framkvæmdastjórn Evrópusambandsins með rekstrarstyrk innan menntaáætlunar Evrópusambandsins (ESB).



Samfjármagnað af  
Evrópusambandinu

Fjármagnað af Evrópusambandinu Skoðanir og álit, sem koma fram, eru þó aðeins álit höfundar eða höfundar og endurspeglar ekki endilega þær sem gerðar eru af Evrópusambandinu eða framkvæmdastjórn Evrópusambandsins. Hvorki Evrópusambandið né framkvæmdastjórn ESB geta borið ábyrgð á þeim.

Þær skoðanir sem einstaklingar greina frá í skjalinu eru ekki endilega í samræmi við opinberar skoðanir Miðstöðvarinnar, aðildarríkja hennar eða framkvæmdastjórnar ESB.

© European Agency for Special Needs and Inclusive Education 2023

Ritstjórar: Anthoula Kefallinou og Diana Murdoch

Þessi útgáfa er öllum aðgengileg. Því er frjálst að nálgast, nota og dreifa henni með viðeigandi vísun til Evrópumiðstöðvarinnar um nám án aðgreiningar og sérþarfir. Ítarlegri upplýsingar er að finna í stefnu Miðstöðvarinnar um opinn aðgang:

[www.european-agency.org/open-access-policy](http://www.european-agency.org/open-access-policy).

Vísa skal til skjalsins á eftirfarandi hátt: Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2023. *Raddir til aðgerða: Raddir nemenda og fjölskyldna þeirra teknar til greina við ákvarðanatöku í menntamálum – Endanleg yfirlitsskýrsla.* (A. Kefallinou og D. Murdoch, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörk



Þetta verk er gefið út með **Creative Commons TilvísunHöfundar-EkkiÁgóðaskyni-EnginAfleidd 4.0 Alþjóðlegt afnotaleyfi**. Ekki má breyta eða þýða efni ritsins án samþykki Miðstöðvarinnar.

Til að bæta aðgengi að skýrslunni er hún tiltæk á 25 tungumálum og á rafrænu sniði á vefsvæði Miðstöðvarinnar: [www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)

Þetta er þýðing á upprunalegum texta á ensku. Ef efi vaknar um nákvæmni upplýsinga í þýðingunni skal skoða upprunalega enska textann.

ISBN: 978-87-7599-076-4 (Rafrænt)

#### Aðalskrifstofa

Østre Stationsvej 33  
DK-5000 Odense C Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

#### Skrifstofa í Brussel

Rue Montoyer, 21  
BE-1000 Brussels Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)



# Innihald

---

Inngangur	5
1. áfangi: Þróun VIA-rammans fyrir merkingarbæra þáttöku í menntun fyrir alla	6
<i>Helstu niðurstöður úr stefnumfjöllun</i>	6
<i>Lykilniðurstöður úr fræðilegri samantekt</i>	7
2. áfangi: Að koma VIA-rammanum í framkvæmd	10
Verkfærasett Radda til aðgerða	12
Lykilskilaboð til stefnumótenda	13
Lokaathugasemdir	15
Heimildir	16







# Inngangur

---

Það er forgangsverkefni evrópskra og alþjóðlegra stofnana að efla þátttöku nemenda og fjölskyldu í ákvarðanatöku og stefnumótun. Hins vegar er enn misjafnt hversu mikið tillit er tekið til nemenda og fjölskyldna þeirra í mikilvægum ákvörðunum sem hafa áhrif á þau.

Starfið **Raddir til aðgerða** (VIA) á vegum Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar og sérparfir (Miðstöðin) skoðaði hvernig hægt væri að virkja raddir nemenda og fjölskyldna þeirra á marktækan hátt í ákvarðanatökuferli í menntamálum. Þetta var til að bregðast við beiðnum frá nefndarfulltrúum frá löndum Miðstöðvarinnar og í samræmi við alþjóðleg áköll og framtök um aukna þátttöku hagsmunaaðila af öllum kynslóðum í ákvarðanatöku í menntamálum.

VIA hafði tvö meginmarkmið:

- að koma á bakgrunni og rökstuðningi fyrir þeirri almennu viðurkenndu þörf fyrir að taka raddir nemenda og fjölskyldna til greina í ákvarðanatöku;
- að greina hvernig stefnumótendur og aðrir hagsmunaaðilar gætu mætt þessari þörf í reynd, í ólíkum löndum og mismunandi samhengi.

Þessum markmiðum var náð í tveimur áföngum í röð. 1. áfangi samanstóð af fræðilegri samantekt, greiningu á því hvernig fyrri störf Miðstöðvarinnar innifólu raddir nemenda og fjölskyldna og safni viðeigandi landsdæma. 2. áfangi fól í sér ítarlega vinnu í þremur löndum (Íslandi, Möltu og Noregi) til að greina og æfa áhrifaríkar leiðir til að virkja nemendur og fjölskyldur.

Áfangar 1 og 2 gáfu eftirfarandi útkomur:

- **Fræðilega samantekt** með hugmyndafræðilegan og reynslulegan bakgrunn VIA (Evrópumíðstöðin, 2022a)
- **Samantektarskýrslu** sem sýnir allar VIA-aðgerðir og helstu niðurstöður (Evrópumíðstöðin, 2022b)
- **Verkfærasettið Raddir til aðgerða**, hagnýtt úrræði á netinu, sem veitir leiðsögn til aðgerða
- **Upplýsingamynd** sem sýnir VIA-ramma fyrir merkingarbæra þátttöku í menntun fyrir alla og lykilskilaboð starfsins
- Myndband, sem sýnir raddir nemenda, fjölskyldna og stefnumótenda á VIA-viðburði
- Þessa lokaskýrslu, sem dregur saman aðferðafræði starfsins og helstu niðurstöður.



# 1. áfangi: Þróun VIA-rammans fyrir merkingarbæra þáttöku í menntun fyrir alla

Í 1. áfanga (2021) fór teymi Miðstöðvarinnar yfir stefnu og fræðileg rannsóknarrit til að koma á traustum grunni fyrir VIA byggt á hugmyndum og rannsóknum. Teymið safnaði og greindi einnig dæmi um nemendur og fjölskyldur sem taka virkan þátt í ákvarðanatöku úr fyrra starfi Miðstöðvarinnar og frá 19 aðildarlöndum **Miðstöðvarinnar**.

Niðurstaða þessarar vinnu er **fræðileg samantekt VIA** (Evrópumiðstöðin, 2022a), sem gefur markvissan rökstuðning og lykilsönnunargögn um merkingarbærar leiðir til að taka raddir nemenda og fjölskyldna til greina við ákvarðanatöku í menntamálum.

Niðurstöður stefnunnar og fræðilegu samantektarinnar benda greinilega til vaxandi viðurkenningar á mikilvægi þess að taka raddir nemenda og fjölskyldna til greina í ákvarðanatöku í menntamálum. Hins vegar skortir þekkingu og færni um hvernig eigi að ná þessu í reynd, þvert á ólíkt samhengi og með ólíkum hagsmunaaðilum.



**Við erum þau sem erum í raun og veru í skóla; við ættum að vera mikilvægustu raddirnar.** 🗣️

(fulltrúi nemenda, VIA-viðburður)

## Helstu niðurstöður úr stefnumfjöllun



- Réttur barna til að láta í sér heyra og taka tillit til mála sem þau varða nær til ALLRA barna. Það hefur tekið 30 ára ítrekaða stefnumótunarvinnu og skólustarf að fara frá því að viðurkenna börn sem áhrifavalda, yfir í að þau njóti þessa réttar í raun.
- Hafa þarf samráð við fjölskyldur að því tilskildu að meginreglan um „barninu fyrir bestu“ sé ávallt höfð í fyrirrúmi við lokaákvarðanir.
- Börn eiga rétt á leiðsögn og stuðningi frá samtökum, stofnunum og samfélögum. Fjölskyldur eiga líka þennan rétt til að sinna skyldum sínum gagnvart börnum.





- Stefnumótun og samstarf hagsmunaaðila er lykilatriði til að tryggja réttindi barna, foreldra og fjölskyldna.
- Lönd verða að skuldbinda sig til að skipuleggja og þróa skilvirka ferla fyrir þátttöku og samskipti nemenda og fjölskyldna í samvirkni við allar stofnanir og hagsmunaaðila í öllum málum sem snerta börn.

### Lykilniðurstöður úr fræðilegri samantekt



- Þrátt fyrir að til sé umtalsvert magn af fræðilegri umfjöllun um rödd og þörfina fyrir vitund um raddir nemenda í orðræðu um menntamál, er stórt bil á milli rannsókna og starfshátta.
- Skortur á siðferðilegum nálgunum sést á valdaójafnvægi, skorti á skýrum tilgangi, aðferðum og niðurstöðum og jaðarsetningu og þöggun sumra radda.
- Rannsóknir beinast almennt að þátttöku á skóla- eða bekkjarstigi og minna að þátttöku í ákvarðanatöku á stefnumótunarstigi.
- Rannsóknarrit rannsaka ekki mikið þátttöku kynslóða eða samfélagsþátttöku í menntun.
- Rannsóknir með fullorðnum og nemendum sem eru í viðkvæmri stöðu gagnvart útilokun halda áfram í „sílóum“, byggðum á ýmsum flokkunum og merkingum.
- Margir hópar í viðkvæmri stöðu gagnvart útilokun taka takmarkaðan virkan þátt í rannsóknum.
- Meiri nýting á úrræðum sem hjálpartæki og stafræn tækni og frjáls félagasamtök og borgaraleg félagasamtök bjóða upp á gæti breytt rannsóknaraðferðum í kringum raddir verulega.



Frekari vinna í 1. áfanga leiddi til þróunar á VIA-ramma fyrir merkingarbæra þátttöku í menntun fyrir alla. Ramminn, sem er sýndur í **VIA-upplýsingamyndinni**, hefur fjóra mikilvæga þætti: **Rými, rödd, áheyrendur** og **áhrif**. Þessir þættir voru fengnir úr **líkani um þátttöku barna** sem var þróað af prófessor Lauru Lundy frá Queen's University Belfast (**Lundy, 2007**).

VIA-ramminn beitti líkani Lundy í menntunarsamhengi og stækkaði það til að ná yfir fjölskyldur, auk barna og ungmenna. Hann byggði einnig á öðrum fræðilegum líkönum um þátttöku nemenda og fjölskyldna til að fela í sér víðtækari siðferðileg sjónarmið (t.d. starf **UNICEF, 2020**).

Þættirnir fjórir vinna saman gagnvirk og endurtekið.



**Rými** er í stórum dráttum hugsað sem tækifæri til að tjá skoðanir í öruggu umhverfi án aðgreiningar.



**Rödd** þýðir hvernig þátttakendur mega tjá skoðanir sínar. Henni er ætlað að tryggja að allir geti komið skoðunum á framfæri á þann hátt sem er aðgengilegur, við hæfi, viðeigandi og þroskandi fyrir hvern einstakling eða hóp.



**Áhrif** vísar til þess hvernig skoðanir eru felldar inn í ákvarðanir og þær breytingar sem þær hafa í för með sér og gera þannig kleift að taka marktækt þátt.




**Áheyrendur** fela í sér hlutverk hlustandans við að segja frá skoðunum. Hlustendur verða að vera í aðstöðu til að koma skoðunum annarra á framfæri á ábyrgan hátt.

**Siðferðileg nálgun** nær yfir alla þætti rammans, til að vekja athygli á og taka á málum eins og samþykki, aðgengi, varnarleysi, öryggi, valdaójafnvægi, hlutdrægni og gagnsæi.



# VIA ramminn



Mynd 1. VIA-ramminn fyrir merkingarbæra þátttöku í menntun fyrir alla: lykilatriði og siðferðileg sjónarmið



## 2. áfangi: Að koma VIA-rammanum í framkvæmd

Í 2. áfanga (2022) unnu fulltrúar frá Íslandi, Möltu og Noregi í litlum hópi og tóku þátt í gagnvirkri starfsemi í landinu með nemendum og fjölskyldum. VIA-ramminn mótaði aðferðafræðina og var hagnýtur leiðarvísir fyrir þessa starfsemi.


Þátttaka landanna miðaði að því að:

- útfæra og sannreyna hagnýta þætti VIA-rammans í tengslum við lykilþætti rýmis, raddar, áheyrenda og áhrifa;
- stuðla að þróun VIA-verkfærasettsins.


Hvert land valdi sitt eigið efni og viðeigandi leið til að vinna með hagsmunaaðilum á landsvísu eða staðbundnum vettvangi. VIA-teymið studdi löndin með því að leggja fram ígrundaðar spurningar úr VIA-rammanum til að leiðbeina þeim í gegnum hvert stig. Það fór eftir völdu efni og þátttakendum hvaða markvissu hagnýtu úrræði VIA-teymið útvegaði einnig (þ.e. verkfæri, leiðbeiningar og viðeigandi aðferðafræði).

Í kjölfar fyrstu hópumræðna þróaði hvert land og tók að sér fyrirhugað starf í sínu innlenda samhengi. Öll þrjú miðuðu að því að kanna upplifun nemenda og fjölskyldna af þátttöku með margvíslegum „radd-öflunar“ verkefnum, t.d. fræðslugöngur, rýnihópar, viðtöl eða athuganir.






**Ísland**  
Fræðslugöngur og  
rýnihópar með  
nemendum





**Malta**  
Viðtöl við fjölskyldur  
Starfsemi með  
nemendum



**Noregur**  
Athuganir  
Könnun meðal nemenda  
Viðtöl við stefnumótendur

## Mynd 2. Starfsemi í löndunum þremur

Starfsemi Íslands miðaði sérstaklega að því að leggja mat á lofandi framtak sem áður var unnið í litlum skóla með hátt hlutfall innflytjenda. Malta lagði mat á framkvæmd stefnu um að koma á fót einingum fyrir nemendur með einhverfu í almennum skólum, með því að leita eftir innleggi frá nemendum sem menntaðir eru í einingunum og taka viðtöl við foreldra þeirra. Noregur lagði mat á samráðsferli og skipulag sem var til staðar á landsvísu með fulltrúum nemenda og stefnumótenda.

 **Við sem upplifum fötlun erum oft áberandi höfð utan við samræður um eigið líf.** 

(Cologon, 2020, bls. 2)

Þrátt fyrir mismunandi markmið, umfang og samhengi þessarar starfsemi í hverju landi, komu fram **sameiginleg þemu** í hópumræðum og hugleiðingum, sem öll tengdust því að ná fram merkingarbærri þátttöku:

- Hver sem tilgangur hlustunar er, ættu raddirnar að koma frá fjölbreyttum nemendum/fjölskyldum, með **margvíslegar sjálfsmyndir og flókna reynslu** í mismunandi umhverfi, frekar en frá einsleitum hópi.
- Sérstaklega ætti að huga að **andstæðum og misvísandi skoðunum** sem eru uppi á milli ólíkra hópa nemenda/fjölskyldna.
- Hagnýt og siðferðileg vandamál koma upp í kringum **nafnleynd** og að fá **upplýst samþykki**, sérstaklega þegar ráðnir eru nemendur með mismunandi þarfir/aðgengisvandamál.
- Ákvarðanir og breytingar gæti þurft að gera „á staðnum“, vegna tímaþröngar eða **óvæntra atburða**. Að skipuleggja persónulega fundi nemenda alls staðar að af landinu getur verið tíma- og fjármagnsfrekt og þarfnast vandaðrar skipulagningar.
- **Skólar og fagfólk í kennslu** getur auðveldað tjáningu radda nemenda og fjölskyldu.





- Sérstaklega þarf að huga að því að tryggja merkingarbæra þátttöku þeirra sem eru **viðkvæmir, jaðarsettir** eða þeirra sem röddin heyrst sjaldan.

Þessi algengu þemu staðfestu lykilþætti VIA-rammans og **lykilskilaboð** heildarstarfsins.

Með því að koma á fót þáttökustarfsemi í þeirra eigin samhengi, með stuðningi Miðstöðvarinnar, fékk löndin til að hugsa um ferlið á **kerfisbundnari og ígrundaðri hátt**, með skýrri athygli og þátttöku í siðferðilegum álitafnum á öllum stigum starfseminnar.

Að beita mismunandi þáttum rammans gerði löndum kleift að hugsa öðruvísi um þátttöku. Eins og fulltrúi Möltu tók fram:

 **Maður hefði kannski ákveðna fyrirvara og halda að þetta gæti verið alvöru áskorun - en þegar þú skipuleggur og hefur jafnvel einhverjar „vara“ stöður, gerirðu þér grein fyrir því að þú GETUR í raun heyrt þessar raddir.** 

(nefndarfulltrúi Möltu)

**Samantektarskýrslan** (Evrópumiðstöðin, 2022b) inniheldur frekari upplýsingar um starf landanna. Það gæti verið sérstaklega áhugavert fyrir lönd sem stefna að því að stuðla að merkingarbærri þátttöku.

## Verkfærasett Radda til aðgerða

Að landavinnunni lokinni voru allar niðurstöður, lykilskilaboð, hagnýtt efni og úrræði úr báðum VIA-áföngum tekin saman í verkfærasett með opnum aðgangi á netinu.

**Verkfærasett Radda til aðgerða** veitir hagnýtar aðferðir til að vinna með nemendum og fjölskyldum. Það gefur til kynna hvernig á að bregðast við og raunverulega festa raddir þeirra í ákvarðanatöku. Það inniheldur dæmi frá aðildarríkjum Miðstöðvarinnar og tengla á viðeigandi starfsemi og útkomu Miðstöðvarinnar, svo og helstu rannsóknir, stefnu og frumkvæði frá ýmsum alþjóðlegum stofnunum.

Verkfærasettið er kraftmikið úrræði sem ætlað er að styðja fjölbreytta hagsmunaaðila á öllum skólastigum til að verða umboðsmenn breytinga í skólum sínum, samfélögum, svæðum og löndum. Þessir hagsmunaaðilar geta verið:

- Nemendur, fjölskyldur, framkvæmdaaðilar og rannsakendur
- Skóla- og samfélagsleiðtogar á staðnum
- Svæðis- og bæjaryfirvöld
- Sjálfseignarstofnanir
- Innlendir stefnumótendur.



Löndum Miðstöðvarinnar er frjálst að halda áfram að hlaða upp dæmum um merkingarbæra þátttöku úr eigin samhengi.

Verkfærasettinu var hleypt af stokkunum á VIA-viðburði í Belgrad, Serbíu, í maí 2023. Yfir 80 stefnumótendur, nemendur og fjölskyldufulltrúar frá aðildarlöndum Miðstöðvarinnar mættu. Kynnt var yfirlit yfir VIA-virknina og þátttakendur tóku þátt í gagnvirkri starfsemi þar sem þeir ræddu málefni og áskoranir við að gera merkingarbæra þátttöku mögulega. Myndband var framleitt á viðburðinum, þar sem raddir fullorðinna og nemenda komu fram með skoðanir sínar á þátttöku þeirra í VIA-starfseminni.



Mynd 3. Sameiginleg kynning frá nemanda og stefnumótanda á VIA-viðburðinum

## Lykilskilaboð til stefnumótenda

Niðurstöður frá VIA sýna að þótt þátttaka nemenda og fjölskyldu í ákvarðanatöku sé brýnt mál á dagskrá stefnumótenda í menntamálum, hafa stefnur ekki verið útfærðar yfir í framkvæmd. Til að ná fram sjálfbærum breytingum **verða stefnumótendur að hefja samræður** til að tryggja að raddir nemenda og fjölskyldna séu hluti af breytingarferlinu.

VIA-virknin benti á **átta lykilskilaboð** til að gera nemendum og fjölskyldum kleift að taka þátt. Þótt skilaboðunum sé beint til stefnumótenda og annarra fagaðila og stofnana í valdastöðum geta þau verið viðmið fyrir alla hagsmunaaðila í menntamálum.



### **1. Kerfisbundið ferli fyrir merkingarbæra þátttöku nemenda og fjölskyldna á landsvísu, svæðisbundnum og staðbundnum/samfélagslegum vettvangi**

Stefnur sem tengjast réttindum nemenda og fjölskyldu ættu að gefa til kynna skýra ferla fyrir innleiðingu í öllu menntakerfinu, þróaðar með þverfaglegu samstarfi. Í gegnum ferlið er mikilvægt að viðurkenna hlutverk fjölskyldunnar í að styðja og gera röddum nemenda kleift að heyrast og vera með í ákvarðanatöku.

### **2. Auka þátttöku í mótun laga og stefnu**

Þátttaka nemenda og fjölskyldu á stefnumótunarstigi verður að vera raunveruleg, ekki táknræn. Hún verður á virkan hátt að innifela hópa og einstaklinga sem áður hafa ekki getað haft áhrif á ákvarðanir á stefnustigi sem hafa áhrif á þá, jafningja þeirra, skóla þeirra og samfélög.

### **3. Nota siðferðilegar nálganir á öllum stigum þátttöku**

Siðferðilegar nálganir eiga við um málefni samþykkis þátttakenda, öryggi og friðhelgi einkalífs. Þær velta fyrir sér hvernig raddir eru fengnar, skráðar, greint frá og beitt, hvort þessar nálganir gagnast nemendum og/eða fjölskyldum og hversu opinskátt upplýsingar eru fluttar. Mikilvægt er að taka á valdaójafnvægi í þátttöku.

### **4. Þekkja og taka til greina jaðarsettar, óheyrðar og þaggaðar raddir**

Stefnumótendur ættu að vinna með skólum og samfélögum til að bera kennsl á og taka til greina raddir jaðarhópa. Þeir ættu að viðurkenna gagnkvæm tengsl ungs fólks og fullorðinna og viðurkenna hlutverk fjölskyldunnar í að þróa og staðfesta raddir nemenda í menntamálum.

### **5. Meðvitund um margbreytileika ólíkra hópa og skarandi sjálfsmynda**

Allir hagsmunaaðilar ættu að hafa í huga að hópar innihalda einstaka einstaklinga. Nauðsynlegt er að hafa í huga að nemendur og fjölskyldur geta haft margar sjálfsmyndir og samhengi sem skarast og móta sjónarhorn þeirra. Nemendur eða fjölskyldur sem deila eiginleikum eða „merkjum“ hafa enn sína eigin reynslu og raddir. Þessi nálgun getur leitt til breytinga sem gagnast öllum nemendum og öllum fjölskyldum.





## 6. Notaðu fjölbreytt úrval líkana, aðferða og úrræða til að gera öllum kleift að taka þátt á merkingarbæran hátt

Til að koma til móts við fjölbreytileika nemenda og fjölskyldna er mikilvægt að nýta margvíslega úrræði og tryggja jafnræði á öllum stigum. Skipuleggjendur dagskrár og stefnumótendur geta vísað til mismunandi hugmyndalíkana til að hanna þátttökustarfsemi þvert á stefnu og starfshætti. Þessi líkön innihalda oft punkta til umhugsunar og umræðu og hagnýtar íhuganir og leiðbeiningar. Tæknin býður upp á sveigjanleika til að styðja við merkingarbæra þátttöku á mismunandi vegu.

## 7. Byggja upp getu til merkingarbærrar þátttöku og virkrar hlustunar

Hagsmunaaðilar í leiðtogastöðum bera ekki aðeins ábyrgð á því að auðvelda tækifæri til merkingarbærrar þátttöku á öllum stigum, heldur að byggja upp getu nemenda og fjölskyldna til þátttöku. Það er mikilvægt að styðja nemendur og fjölskyldur á viðeigandi hátt til að þróa þá þekkingu, færni og skilning sem þarf til að taka þátt.

## 8. Hlúa að samskiptum við frjáls félagasamtök og borgarasamtök

Hagsmunasamtök, félög og staðbundin og alþjóðleg samtök eru mikilvæg til að vekja athygli á réttindum og þörfum hópa sem gleymast. Þessar stofnanir stunda oft rannsóknir á þessum málum og framleiða aðgengileg, hagnýt úrræði um raddir og þátttöku. Þessi úrræði, sem sum hver eru í **VIA-verkfærasettinu**, gætu verið notuð við ákvarðanatöku og stefnumótun í menntun fyrir alla. Mögulegur ávinningur af því að þróa samlegðaráhrif og leiðir til að vinna með þessum geirum er mikilvægt atriði fyrir stefnumótendur.

# Lokaathugasemdir

VIA-starfsemin gaf vísbendingar um nokkrar af þeim leiðum sem þátttaka stefnumótunar í menntamálum getur orðið merkingarbær og sjálfbær. Hún lagði til VIA-rammann fyrir merkingarbæra þátttöku í menntun fyrir alla, innifalinn í VIA-verkfærasettinu, sem ígrundunartæki til að gera hagsmunaaðilum kleift að takast á við áskoranir og hindranir í vegi þátttöku í ákvarðanatökufæri.

VIA lagði áherslu á mikilvægi **aðferða milli kynslóða**, þar sem nemendur, fjölskyldur og menntastefnumótendur á öllum stigum vinna saman. Það stingur upp á **miðstýrðri nálgun, studda af átaksverkefnum uppávið** á staðbundnum stigum og skólastigum, sem leið fram á við.

Þessi sameinaða nálgun býður upp á leið til að auka meðvitund um jaðarsettar og þöglar raddir og auðvelda virkari þátttöku þeirra. Á sama tíma leggur hún til lýðræðislegri og beinni leið til að móta og innleiða stefnu, með því að virkja stefnumótendur í gagnvirku raddmiðuðu starfi með nemendum og fjölskyldum á staðnum.

Vonast er til að starfsemi VIA og lykilboðskapur þess um að innifela nemendur og fjölskyldur með markvissari hætti í ákvarðanatöku í menntamálum geti stuðlað að því að skapa sanna menningu um að hlusta og bregðast við röddum.



## Heimildir

---

Cologon, K., 2020. 'Is inclusive education really for everyone? Family stories of children and young people labelled with "severe and multiple" or "profound" "disabilities"' [„Er menntun fyrir alla í raun fyrir alla? Fjölskyldusögur barna og ungmenna sem merkt eru með „alvarlega og margfalda“ eða „djúpstæða“ „fötlun“] *Research Papers in Education*, 37 (3), 395–417

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2022a. *Voices into Action – The Voices of Learners and their Families in Educational Decision-Making: Literature Review [Raddir til aðgerða – Raddir nemenda og fjölskyldna þeirra við ákvarðanatöku í menntamálum: Fræðileg umfjöllun]*. (D.C. Murdoch, A. Mangiaracina og A. Kefallinou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörk

Evrópumiðstöð um nám án aðgreiningar og sérþarfir, 2022b. *Voices into Action: Promoting learner and family participation in educational decision-making [Raddir til aðgerða: Stuðla að þátttöku nemenda og fjölskyldu í ákvarðanatöku í menntamálum]*. (A. Kefallinou, D.C. Murdoch, A. Mangiaracina og S. Symeonidou, ritstj.). Óðinsvéum, Danmörk

Lundy, L., 2007. "Voice" is not enough: Conceptualising Article 12 of the United Nations Convention on the Rights of the Child' [„Rödd“ er ekki nóg: Myndun hugtaka 12. greinar Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna"] *British Educational Research Journal*, 33 (6), 927–942

UNICEF, 2020. *Engaged and Heard! Guidelines on Adolescent Participation and Civic Engagement [Virki og hlustað á: Leiðbeiningar um þátttöku unglinga og borgaralega þátttöku]*. New York: UNICEF








Aðalskrifstofa:

Østre Stationsvej 33  
DK-5000  
Odense C  
Denmark  
Sími: +45 64 41 00 20  
[secretariat@european-agency.org](mailto:secretariat@european-agency.org)

Skrifstofa í Brussel:

Rue Montoyer 21  
BE-1000  
Brussels  
Belgium  
Sími: +32 2 213 62 80  
[brussels.office@european-agency.org](mailto:brussels.office@european-agency.org)



[www.european-agency.org](http://www.european-agency.org)